

Ed.

84. Frumvarp til laga

[76. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við lögin bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (29. gr.) Ekki má ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.
- b. (30. gr.) Frá 1. janúar 1972 skal greiða meðlag með skilgetnu barni, þar til það nær þeim aldri, er 29. gr. kveður á um, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Ákvæði þessa frv. varða annars vegar upphæð (lágmark) meðlags með skilgetnum börnum og hins vegar það aldursmark, sem meðlagsgreiðslur miðast við. Er lagt til, að um hvort tveggja gildi sömu reglur og um meðlag með óskilgetnum börnum.

Í lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, segir, að meðlagsgreiðslur megi aldrei ákveða lægri en barnalífeyri eins og hann er á hverjum tíma ákveðinn í lögum um almannatryggingar. Í framkvæmd hefur það verið svo, að meðlag með skilgetnum börnum hefur verið ákveðið með hliðsjón af fyrrnefndu ákvæði, þótt ekki séu um það fyrirmæli í lögum, að svo skuli gert. Í frv. þessu er lagt til, að lögfest verði sú framkvæmd, sem tíðkæzt hefur.

Á þskj. 71 flyt ég frv. um breyting á l. nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Er þar kveðið svo á, að meðlag skuli greiða, þar til barn nær þeim aldri, sem á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. lögum um almannatryggingar (nú 17 ár), og komi það til framkvæmda frá 1. janúar 1972, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið lægra aldursmark. Í samræmi við þetta eru ákvæði þess frv., sem nú er flutt.

Að öðru leyti vísa ég til grg. með frv. á þskj. 71.